

16. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 10. mars 2011, kl. 11.40 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Kristján Hauksson, Bergþór Morthens fulltrúi kennara, Sunna Valsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna. Því næst bar hann fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt með einni breytingu við 3. lið að tillögu Sigurðar Vals.

Dagskrá:

1. Fjölgun nemendaígilda

Á fundi sem skólameistari og aðstoðarskólameistari sóttu í menntamálaráðuneyti var tilkynnt að nemendaígildum yrði fjölgað í 80 úr 68,5. Um áramót voru 23 nýir nemendur innritaðir og eru það að mestu nemendur úr Fjallabyggð að snúa heim. Skólinn er því yfirsetinn sem stendur. Gera má ráð fyrir að pláss verði fyrir 20-30 nýja nemendur í haust. Nemendur í 10. bekk í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð eru 45 talsins. Nemendur úr 10. bekk og fatlaðir nemendur eiga forgang að skólanum. Sett verður upp starfsbraut þar sem innritaðir hafa verið 5 nemendur. Starfsbrautinni fylgir aukafjárveiting og gera má ráð fyrir 2 starfsmönnum.

Nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni vegna fjölgunar nemendígilda. Rætt var um vandamál sem kynnu að skapast vegna þessa, t.d. varðandi húsnæði sem væri farið að þrengja að. Kostnaður við húsnæði ræddur og afstaða sveitarfélagsins til þess.

2. Laun skólanefndar

Formaður lagði fram til kynningar gögn um nefndarlaun í öðrum framhaldsskólum. Þá lagði hann einnig til að nefndin ynni launalaust. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Drög að markmiðasetningu MTR

Skólameistari lagði fram drög að markmiðasetningu fyrir skólann sem er hluti af skólasamningi og óskaði eftir viðbrögðum nefndarmanna.

4. Samstarf við FNV og FAS

Skólameistari fór yfir samstarfsfleti skólanna þriggja, MTR, FNV og FAS. Ræddi m.a. um spennandi samstarf hjá FAS við sveitarfélagið á öllum námsstigum þar sem skóli og samfélag eru tvinnuð saman. Hugmynd er um samstarf í listgreinum milli MTR og FNV. Spennandi væri ef tækist að stilla saman skólana í miðannarviku. Búið er að senda bréf til forsvarsmanna sveitarfélagsins. Þá eru hugmyndir um samstarf sveitarfélaganna Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar í þessu samhengi. Samstarfsnefnd kemur til fundar í MTR 22. mars. Skólinn er spenntur fyrir samstarfi.

5. Leiga húsnæðis

Skólameistari lagði fram tillögur sem draga mið af reglum frá Grundarfirði. Lagt fram með fyrirvara um samþykki sveitarfélagsins. Skólanefnd samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti.

6. Önnur mál

6.1 Tröllaskagadeilan

Tröllaskagadeilan er komin í ákveðinn farveg og nú er boltinn hjá ráðherra.

6.2 Námsframboð á næstu önn

Skólameistari fór yfir þá áfanga sem verða í boði á næstu önn. Skólanefnd lýsti yfir ánægju sinni með framboðið.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði
Bergþór Morthens